



Fundargerð

403. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps
fimmtudaginn 9. febrúar 2017 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var samþykkt samhljóða að taka það á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 402. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps haldinn 12. janúar 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Mennta- og menningarmálanefnd 7. febrúar 2017.

Varaformaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1702001 – Greining á starfsumhverfi grunnskóla. Bókun I í kjarasamningi kennara.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar samhljóða.

2.2 1702002 – Skóladagatal 2016 -2017, breyting.

Sveitarstjórn samþykkir breytt skóladagatal fyrir skólaárið 2016-2017. Samþykkt samhljóða.

3. Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykólahrepps og Strandabyggðar, 4. fundur.

Fundargerð lögð fram og samþykkt samhljóða.

4. Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykólahrepps og Strandabyggðar, 5. fundur.

Fundargerð lögð fram.

4.1 Greiningarskýrsla.

Sveitarstjórn samþykkir greiningarskýrslu. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1701029 – Lagning ljósleiðara í Reykhólahreppi.

1.1 Styrkveiting úr Fjarskiptasjóði, Ísland ljóstengt 2017.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps sótti um í verkefnið „Ísland ljóstengt 2017“. Niðurstaða varð sú að Reykhólahreppur á kost styrk að upphæð 19 millj. Tilkynna þarf til Fjarskiptasjóðs hvort sveitarfélagið þiggi styrkinn fyrir 10. febrúar 2017.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar niðurstöðunni og samþykkir að þiggja styrk að upphæð kr. 19.000.000 af Fjarskiptasjóði vegna verkefnisins „Ísland ljóstengt 2017“. Samþykkt samhljóða.

1.2 Ísland ljóstengt - sérstakur byggðastyrkur 2017.

Reykhólahreppur sem umsækjandi í verkefnið „Ísland ljóstengt 2017“ fékk úthlutaðan sérstakan byggðastyrk kr. 6,5 millj.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar niðurstöðunni og samþykkir að þiggja styrk að upphæð kr. 6.500.000 til ljósleiðaravæðingar í Reykhólahreppi, samþykkt samhljóða.

1.3 Erindi frá Pacta lögmönnum dagsett 26. janúar 2017.

Boð um aðstoð vegna flókins lagaumhverfis við ríkisstyrkt verkefni.

Erindi lagt fram og kynnt.

Sveitarstjóra og varaoddvita falið að vinna áfram að framgangi verkefnisins og leggja fram nákvæma áætlun og fjármögnunarmöguleika fyrir næsta fund. Samþykkt samhljóða.

2. 1702006 – Launakjör fulltrúa í stjórnnum, nefndum og ráðum í sveitarfélaginu.

Erindi frá oddvita sveitarstjórnar dagsett 8. febrúar 2017, er varðar greiningu á kjörum fulltrúa í sveitarstjórn Reykhólahrepps miðað við kjör fulltrúa á landsvísi, tillaga um endurskoðun launa.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að laun fulltrúa í sveitarstjórn Reykhólahrepps taki mið af þingfararkaupi eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Samþykkt samhljóða.

3. 1701006 – Breyting á fjárhæð húsaleigu á eignum í eigu sveitarfélagsins.

Lagðar eru fram reglur um leigu á húsnæði í eigu sveitarfélagsins og gjaldskrá, þar sem leiga á íbúðum er jöfnuð. Miðað er við tvenns konar gjöld, annars vegar á íbúðum sem leigðar eru án rafmagns og hita og hins vegar á íbúðum sem leigðar eru með rafmagni og hita. Gjald miðast við stærð íbúðar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að vísa reglum og gjaldskrá í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða.

4. 1702005 – Ráðningarbréf um endurskoðun reikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir framlagt ráðningarbréf við Endurskoðunarstofuna Álit ehf., Smiðjuvöllum 7, Akranesi, og felur sveitarstjóra að undirrita bréfið fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

5. 1702007 – Sala á Hellisbraut 38a og b, greining endurskoðanda.

Lagt fram mat Endurskoðunarstofunnar Álits ehf. á áhrifum sölu Hellisbrautar 38a og b á fjárhag sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að setja húseignina Hellisbraut 38a og b í sölumeðferð.

6. 1702008 – Stefnumótun vestfirskrar ferðapjónustu.

Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða dagsett 31. janúar 2017.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða stefnumótun vestfirskrar ferðapjónustu. Samþykkt samhljóða.

7. 1702009 – Ósk um styrk.

Erindi frá Sögufélagi Barðastrandarsýslu dagsett 30. janúar 2017.

Samþykkt að veita Sögufélagi Barðastrandarsýslu útgáfustyrk að upphæð kr. 50.000. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

8. 1702010 – Eldvarnir og eftirlit.

Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti dagsett 19. janúar 2017.

Lagt fram og kynnt.

9. 1702011 – Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. desember 2016 og 24. janúar 2017.

Fundargerðir lagðar fram og kynntar.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

10. 1702012 – Ósk námsmanna um niðurgreiðslu daggæslu hjá dagforeldri.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk til niðurgreiðslu daggæslu til umsækjanda. Upphæð styrks er kr. 55.000 á mánuði fyrir heils dags vistun, 8+ tímar á dag. Greiðsla greiðist til dagforeldris gegn framvísun þjónustusamnings milli dagforeldris og foreldra. Einnig skal námsvottorð skóla liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____